

**Sp.**

**302. Tillaga til þingsályktunar**

**[137. mál]**

um landhelgisgæzlu á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes.

Flm.: Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir um leigu á vélskipi, er annist landhelgisgæzlu og aðstoði fiskibáta, ef með þarf, á Breiðafirði og sunnan við Snæfellsnes á komandi vetrarvertíð (jan.—maí).

**Greinargerð.**

Í febrúarmánuði s. l. var samþykkt svo hljóðandi þingsályktun um aukna landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að landhelgisgæzlu og aðstoð við fiskibáta verði hagað þannig, að veiðisvæði, sem mjög mikil þörf er á að vernda, svo sem svæðin umhverfis Snæfellsnes og á Breiðafirði, fái nauðsynlega gæzlu. Skal fyrst og fremst lögð áherzla á að framkvæma þetta með þeim skipastóli, sem nú starfar við landhelgisgæzluna, en takist það ekki, verði skip leigt, eftir því sem þörf er á.“

Þrátt fyrir yfirlýstan vilja Alþingis í þessu efni virðast engar jákvæðar tillögur koma fram frá þeim aðilum, sem hafa þessi mál með höndum, um að bátur skuli leigður yfir vetrarmánuði (jan.—maí) til landhelgisgæzlu og aðstoðar við fiskibáta við Snæfellsnes og á Breiðafirði.

Pegar þess er gætt, hve miklu fé ríkissjóður ver árlega til landhelgisgæzlu og til björgunarstarfsemi fyrir fiskibáta, virðist með öllu óverjandi, að veiðisvæðin við Snæfellsnes og á Breiðafirði séu að mestu gæzlulaus, eins og átt hefur sér stað á undanfórnum árum. Útvegsmenn og sjómenn hafa þráfaldlega fært fram kvartanir sínar yfir ágangi botnvörpuskipa á miðum línubátanna og óskað eindregið eftir því, að bátur yrði leigður yfir vetrarvertíðina til að hafa gæzlu á hendi. Þá er og vitað, að mjög algengt er, að botnvörpuskipin valdi línubátunum stórkostlegu tjóni á veiðarfærum.

Af framangreindum ástæðum hef ég talið rétt að bera fram þessa tillögu til þingsályktunar.